

Skýrsla um könnun á viðhorfum skólafólks til framtíðar

Á síðasta ári var gerð könnun á viðhorfum kennara, skólastjórnenda og annarra sem starfa í skólum til framtíðar menntunar. Þátttakendur voru m.a. beðnir um að flokka ýmis breytingaröfl eftir mikilvægi þeirra fyrir skólaþróun. Niðurstöður benda til þess að skólafólk telji helstu breytingaröfl tengjast kennsluháttum og áherslum en að tækniþróun hafi töluvert minni áhrif. Þetta og fleira má fræðast nánar um í skýrslu um könnuna sem nýlega var gefin út af Nýsköpunarmiðstöð Íslands.



Skýrsla forsætisráðherra iðnbyltinguna

nefndar
um 4.

Út er komin skýrslan Ísland og fjórða iðnbyltingin sem er afrakstur nefndar forsætisráðherra um áhrif tækniþróunar á atvinnulíf á Íslandi. Í skýrslunni er fjallað fyrst og fremst um gervigreind og sjálfvirknivæðingu og fyrirsjáanleg áhrif þeirra á



atvinnulífið og komið lítillega inn á þýðingu þessara breytinga fyrir menntun. Vakin er athygli á nauðsyn þess að menntakerfið komi að verkefnum sem þarf að vinna í tengslum við fyrirsjáanlegar breytingar en ekki settar fram markvissar tillögur.

Menntun og framtíðin á RÚV

Undanfarnar vikur hafa Ævar Kjartansson og Jón Torfi Jónasson fengið til sín góða gesti í þáttinn Samtal á RÚV til að ræða um menntun og framtíðina. Rætt er við gesti um menntun eftir 20-40 ár, þegar



unga fólkið sem nú stundar nám verður tekið við stýrikeflinu í samfélaginu. Meðal þeirra sem rætt hefur verið við eru m.a. Kristín Dýrfjörð, dósent við HA, Kristinn R. Þórisson, professor við HR, Elsa Eiríksdóttir, dósent við HÍ, Sigurður Jóhannesson forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ, og fleiri.

Þættirnir eru aðgengilegir á vef RÚV. Tenglar þætti sem þegar hafa verið fluttir:

1. þáttur – Ævar Kjartansson & Jón Torfi Jónasson. Fyrst fluttur í RÚV 2. september 2018.
2. þáttur – Menntun & atvinnulíf. Rætt við Elsu Eiríksdóttur, kennara á Menntavísindasviði HÍ, Guðmund Heiðar Frímansson, kennara við Háskólann á Akureyri og Sigurður Jóhannesson, forstöðumann Hagfræðistofnunar HÍ. Fyrst fluttur 9. september 2018.
3. þáttur – Kristinn R.Þórisson, prófessor í tölvunarfræði

HR. Fyrst fluttur 16. september 2018.

4. þáttur – Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og dósent á leikskólabraut Háskólans á Akureyri og í Listaháskóla Íslands. Fyrst fluttur 23. september 2018.
 5. þáttur – Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri Þelamerkurskóla. Fyrst fluttur 30. september 2018.
-

Tækniþróun og framtíðin

Fyrir nokkrum árum lét Horizons Canada, opinber framtíðarstofnun Kanada, gerir myndina að neðan sem sýnir áætlaða tækniþróun til ársins 2027. Þar fyrir neðan er myndlýsing (e. infographic) sem sýnir sérstaklega áætlanir um þróun tækni fyrir nám og kennslu.

Myndin er gagnvirk. Færið bendilinn yfir myndina til að skoða betur.



Myndefni: Horizons Canada

Þessi myndlýsing var gerð af Envisioning.io og sýnir áætlanir um þróun tækni fyrir nám og kennslu. Athugið að þessi mynd er ekki gagnvirk eins og sú sem er fyrir ofan.



Smellið á myndina til að sjá hana í fullri stærð. Athugið að skjalið er stórt, u.þ.b. 1MB.